



Reykjavík, 5. nóvember 2021
PON21100038

Til Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf við Stafrænt Ísland
- R21090010.***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 15. september 2021, þar sem óskað er eftir upplýsingum um samstarf við Stafrænt Ísland og hvers vegna það sé ekki meira.

Virðingarfyllst,

Þróstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

Ólafur Sólimann Helgason,
deildarstjóri vefdeildar Stafrænnar Reykjavíkur

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga



Svar

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð

Sendandi: Pröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur, Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga, Ólafur Sólímánn Helgason, deildarstjóri vefdeildar.

Efni: *Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf við Stafrænt Ísland - R21090010.*

Þann 2. september 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði, sbr 47. lið, svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn frá Flokki Fólksins um stafrænt samstarf við Stafræna Ísland, island.is. Fram kom á ráðstefnunni Tengjum Ríkið að slíkt samstarf standi sveitarfélögum til boða. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki hefði verið skilvirkara og hagkvæmara ef Reykjavíkurborg hefði leitað samstarfs við island.is líkt og mörg sveitarfélög og stofnanir á Íslandi gera með góðum árangri? Gríðarlega upphæðir, 10 milljarðar á þremur árum fara í stafræn verkefni, mest tilraunir, lítið sést af afurðum. Til að átta sig á stærðarhlutföllunum má taka dæmi þá jafngildir þetta því að setja 330 milljónir í áþekkt verkefni í Borgarbyggð en Reykjavík er um 30 sinnum fjölmennari. Til dæmis hefur komið fram að hægt er að nota island.is fyrir mínar síður. Á island.is eru 74 Mínar síður og 240 vefir. Þar er verið að hanna, búa til ímyndir og vörumerki. Fulltrúi Flokks fólksins spyr, af hverju hefur þjónustu- og nýsköpunarsvið ekki samnýtt afurðir úr þróun Stafræns Íslands? Island.is hjálpar stofnunum og fyrirtækjum að veita betri þjónustu. Þar eru búnar til stofnanasíður til að styðja við sveitarfélög. Island.is á allt til, þar er til sniðmát fyrir allt sem þarf, allur grunnur er til staðar. Miðlæg þjónustugátt er mikilvæg og í henni á Reykjavík að vera.

Fyrirspurninni var vísað með bréfi til Þjónustu- og nýsköpunarsviðs þann 15. september 2021 með þeim tilmælum að svarað skuli til Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs, ekki þurfi að upplýsa Borgarráð frekar um svar.

Svar:

Af hverju hefur þjónustu- og nýsköpunarsvið ekki samnýtt afurðir úr þróun Stafræns Íslands?

Nú er það svo að ríki og sveitarfélög eru sjálfstæðar stjórnsýslueiningar sem starfa á sitt hvoru stigi stjórnsýslunnar. Af því leiðir t.d. að Reykjavíkurborg sér um ákveðna þætti þjónustu við íbúa en ríkið ekki. Af því leiðir einnig að ímynd og ásýnd Stafræns Íslands og Reykjavíkurborgar getur ekki verið sú sama eins og verkaskiptingu er háttað. Stafrænt Ísland

einbeittir sér þannig að því að umbreyta þjónustu ríkisins og á í samstarfi við sveitarfélög enda er það framtíðarsýn landsins að öll opinber þjónusta verði aðgengileg á island.is þó að hún verði ekki framkvæmd þar. Þjónustu- og nýsköpunarsvið á því í virku samtali og samstarfi við Stafrænt Ísland sem og Samband íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að samnýta lausnir í þróun og deila þekkingu. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

Hjá Reykjavíkurborg hafa verið innleiddar eða samþættar rafrænar auðkenningar í gegnum island.is svo sem eins og fyrir Völu leikskólakerfi, Hvata frísundaskráningu, rafræna fjárhagsaðstoð og Mínar síður. Virkt samtal er á milli Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og Stafræns Íslands um þróun og nýtingu á auðkenningunni frá Stafrænu Íslandi eftir því sem nýjar lausnir verða til og möguleikarnir aukast.

Póstsmiðlari hefur verið þróaður hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði sem talar við pósthólf Stafræns Íslands. Þannig geta þær lausnir sem þróaðar og innleiddar verða hjá borginni nýtt pósthólfið hjá Stafrænu Íslandi og sent notendum tilkynningar um að þeirra bíði skilaboð. Nýtt kerfi fyrir úthlutun húsnæðisúrræða hjá Velferðarsviði mun til að mynda nýta þessa leið í stað 10-15 tilkynninga sem áður hafa farið í bréfpósti við hverja úthlutun. Með þessu móti er hægt að hætta sendingum á bréfpósti sem kemur til með að verða mikið hagræði af.

Þá hefur verið komið á samstarfi við Stafrænt Ísland um birtingu launaseðla og fasteignagjalda inn til pósthólf Stafræns Íslands og í undirbúningi er útfösun á pappírssendingum og sendingum í netbanka sem kosta borgina umtalsverðar fjárhæðir á hverju ári.

Stafrænt Ísland og fulltrúar PON hafa átt í virku samtali varðandi tæknilegar útfærslur á appi Stafræns Íslands og hvernig og hvort slíkt app gæti litið út hjá Reykjavíkurborg sem og samnýting á þarfagreiningu. Markmiðið er að borgarþátttakendur geti nálgast öll sín gögn og haldið utan um samskipti sín við borgina hvar og hvenær sem er.

Stafrænt Ísland, Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar og Hafnarfjarðarbær áttu í virku samtali við þróun á stafrænum hönnunarkerfum allra eininga þar sem hægt var að nýta reynslu allra aðila við þróun á kerfunum. Hefur Reykjavíkurborg nú gefið út Hönnu, Hafnarfjarðarbær hefur gefið út hönnunarkerfið Vitann, og Stafrænt Ísland hönnunarkerfi undir saman nafni, en öll eru þau sambærileg í uppbyggingu og efnisinntaki, auk þess sem þau einfalda aðilum rekstur og viðhald stafrænnar þjónustu hins opinbera til muna. Fleiri sveitarfélög eru nú á þessari vegferð.

Virkt samstarf er um nýtingu á vöru Stafræns Íslands sem kallast „Straumurinn“ eða “X-road” Straumurinn er gagnaflutningslag fyrir upplýsingakerfi og er vistkerfi sem er í senn tæknilegt umhverfi og skipulag og tryggir örugg gagnasamskipti á milli upplýsingakerfa. Straumurinn gerir stofnunum kleift að eiga í samskiptum við íbúa borgarinnar með mismunandi kerfum eða vefgáttum á mun sveigjanlegri hátt en áður hefur þekkt. Það minnkar tvíverknað og ekki þarf að óska eftir þeim upplýsingum frá íbúum, sem ríkið býr þegar yfir. Búið er að setja upp búnað og stillingar svo að vörur í rekstri hjá borginni geti nýtt sér Strauminn og nálgast upplýsingar um skjólstaðinga sína hjá ríkisstofnunum, og í undirbúning er t.d. tengingar við Tryggingastofnun og Ríkisskattstjóra. Reykjavíkurborg er fyrsta sveitarfélagið sem kemur upp slíkri tengingu, og beðið er eftir því að Stafrænt Ísland virki þær svo hefjast megi handa við að deila gögnum.



Árið 2020 leiddi Þjónustu- og nýsköpunarsvið vinnu við þróun á lausn fyrir sérstakan frístundastyrk fyrir efnaminni fjölskyldur en styrkurinn var viðbót við hefðbundna íþrótta- og tómstundastyrki sveitarfélaga og hluti af aðgerðapakka ríkisstjórnar Íslands sem ætlað var að veita mótvægi vegna áhrifa COVID-19 faraldursins. Lausnin þótti vel heppnuð og var að endingu samnýtt inn í island.is og fyrir önnur sveitarfélög.

Umbreytingarverkefnið um rafræna fjárhagsaðstoð sem lokið var hjá Reykjavíkurborg árið 2019 var eins og sérstakur frístundastyrku lausn sem afhent var inn til Stafræns Íslands til samnýtingar í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Vinna er í gangi innan Stafræns Íslands og Sambands Íslenskra sveitarfélaga að undirbúningi að uppsetningu.

Mínar síður á Island.is er hugsað sem sarpur fyrir Mínar síður hjá opinberum aðilum, hvort sem er stofnanir ríkisins eða sveitarfélög og stofnanir þeirra. Íslenska ríkið er m.ö.o. ekki að fara hanna eða reka slíkar síður fyrir þjónustu sveitarfélaga þó það muni veita aðgang að efni þeirra. Í framtíðinni er þannig ætlunin að notendur geti nálgast allar upplýsingar og tilkynningar frá opinberum aðilum þar inni og svo mun einnig vera um þjónustu Reykjavíkurborgar sem og annarra sveitarfélaga. Þjónustuveitingin og uppruni upplýsinga mun þó alltaf vera á Mínum síðum hvers sveitarfélags eða þeirrar opinberrar stofnunar fyrir sig sem ber ábyrgð á þjónustuveitingu en Mínar síður á island.is munu draga upplýsingar upp úr öllum kerfum saman. Mínar síður Stafræns Íslands eru því einungis birtingaform á upplýsingum sem eiga sér uppruna annars staðar þ.e. hjá eigendum hverrar þjónustu fyrir sig.

Þá má telja til að Þjónustu- og nýsköpunarsvið átti frumkvæði að samtali við skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármálaráðuneytinu og Stafrænt Ísland um skilgreiningu lykilmælikvarða fyrir stafræna vegferð sem og þróun reiknilíkans eða aðferða við útreikninga til að meta fjárhagslegan, umhverfislegan og félagslegan ávinningi í hverju verkefni fyrir sig. Einnig er í skoðun mögulegur ávinningur þess að skilgreina sameiginlega mælikvarða ríkis, borgar og annarra sveitarfélaga sem og þróun reiknilíkans fyrir mat á ávinningi með það að markmiðið að einfalda alla opinbera umræðu og auka gagnsæi þvert yfir opinbera stjórnsýslu.

Fjöldi annarra verkefna hafa verið framkvæmd eða eru í undirbúningi eða skoðun. Einnig eru verkefni sem ákveðið hefur verið að fara ekki í samstarf um, og má þar nefna dæmi eins og rammisamning um Microsoft hugbúnaðarleyfi en Reykjavíkurborg hefur þegar náð hagstæðari samningum en ríkinu býðst í þeim efnum og því ekki forsvaranlegt fyrir borgina að stíga út úr samningnum á þessari stundu. Nái ríkið hagstæðari samningi en borgin í framtíðinni verður sú tilhögun endurskoðuð með það að leiðarljósi að ná frekara hagræði í rekstri.

Spurt er af hverju verið er að hanna, búa til ímyndir og vörumerki í stað þess að samnýta sniðmát og grunn frá Starfrænu Íslandi?

Ímyndir og vörumerki opinberra stofnanna ríkisins eða sveitarfélaga og stofnanna þeirra eru ekki og verða ekki hannaðar af Stafrænu Íslandi.

Að öðru leyti er vísað í svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins ÞON21080017/R21050301 um þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar og heildarkostnað, sem lagt var fram í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði þann 9. september síðastliðinn sbr. lið 10 í fundargerð ráðsins s.d.



Til útskýringar:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið fagnar samstarfinu við Stafrænt Ísland sem og verkefnastofu stafrænnar stjórnsýslu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Eðli starfsemi þessara þriggja opinberu aðila er hins vegar afar ólíkt. Reykjavíkurborg býr vel að því að vera með miðlægan upplýsingatæknirekstur borgarinnar, allra sviða og stofnanna hennar á einni hendi, þ.e. Þjónustu- og nýsköpunarsviði, sem gerir borginni kleift að hafa yfirsýn yfir þjónustu frá einum stað og taka stefnumarkandi ákvarðanir. Þá hefur einnig reynst Þjónustu- og nýsköpunarsviði happadrjúgt að hafa ráðið inn stafræna leiðtoga á öll svið borgarinnar til að koma auga á tækifæri, áskoranir og verkefni á sviðunum og geta þannig borið kennsl á þau verkefni sem þarf að forgangsraða með faglegum hætti, þvert yfir svið og stofnanir. Einnig hefur Reykjavíkurborg komið sér upp umbreytingateymi sem vinnur að þjónustuumbreytingu, sbr. beiðni Þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem lögð var fram á fundi borgarráðs fimmtudaginn 3. júní 2021, um heimild til að ráðstafa átlatluðu fjármagni samkvæmt áætlun í verkefnið stafræn þróunarteymi sbr. 13. lið fundargerðar s.d.

Stafrænt Ísland er verkefnastofa og sér ekki um miðlægan upplýsingatæknirekstur, beina þjónustuveitingu eða eignarhald á stafrænum vörum sem eru hugsaðar sem þjónustutól. Þar er unnið gott og nauðsynlegt starf í krefjandi umhverfi og samstarfi við yfir 150 ríkisstofnanir sem hver rekur sína eigin upplýsingatækniþjónustu og ljóst er að áskorun þeirra er stór og mikil. Stafrænt Ísland kemur þannig fyrst og fremst að tveimur fyrstu skrefunum af fjórum í hönnun þjónustuferla stofnana ríkisins þ.e. annars vegar hönnun á notendaviðmótinu sem framkvæmt er með stuttum tveggja vikna hönnunarsprett, og hins vegar opnar Stafrænt Ísland fyrir gagnatengingar við grunnskrár ríkisins í gegnum X-road. Sveitafélögin þurfa þar á móti sjálf að setja upp búnað til að getað tengst ríkinu inni í gegnum X-road. Þá er það einnig í höndum hvers sveitarfélags fyrir sig að setja upp þjónustuferilinn og aðlaga nýja tæknilausn. Það felur í sér endurhönnun á öllum innri ferlum með breytingu á vinnubrögðum, verklagi, skipulagi og nálgun verkefna innan sveitarfélagsins. Sá þáttur er oft vanmetinn en í þessari breytingu þjónustuferla felst einnig mesta hagræðið.

Eftir því sem næst verður komið þá er Reykjavíkurborg eina sveitarfélagið sem komið hefur sér upp umbreytingateymi til að vinna að þeim þáttum þjónustuumbreytingar sem Stafrænt Ísland sinnir ekki. Verkefnastofa stafrænnar stjórnsýslu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vinnur þar á móti að miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun og nýta nútímataækni til að bæta þjónustu, rekstur og samskipti við íbúa. Á verkefnastofu starfar þriggja manna umbreytingarteymi sem tók til starfa í júní 2021 en teyminu er ætlað að vinna að framkvæmd stafrænna samstarfsverkefna sveitarfélaga í samvinnu við stafrænt ráð sveitarfélaganna.

Stafrænt ráð sveitarfélaganna var sett á laggirnar í lok október 2020. Landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefndu hvert og eitt sinn fulltrúa landshlutanna en til viðbótar fékk Reykjavíkurborg sinn sérfulltrúa í ráðið og situr sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs fundina fyrir hönd borgarinnar eftir tilnefningu borgarstjóra. Þá var faghópur um stafræna umbreytingu innan sveitarfélaga stofnaður í desember 2019. Í hópnum eiga sæti sérfræðingar sem ráðnir hafa verið innan sveitarfélaga til að leiða stafræna umbreytingu innan síns sveitarfélags. Hópurinn hefur stækkað jafnt og þétt en meginhlutverk hópsins er að vera umræðuvettvangur um stafræna þróun sveitarfélaga og veita stafrænu ráði sveitarfélaga



faglegan stuðning. Hópurinn aðstoðar við greiningu á stöðu stafrænna mála sveitarfélaga og hugmynda um sameiginleg verkefni sveitarfélaga. Hann stuðlar að því að fyrir hendi sé yfirsýn yfir stafræna þróun sveitarfélaga og stafræn samstarfstækifæri. Í faghópnum sitja fulltrúar landshlutanna en fyrir hönd Reykjavíkurborgar situr teymisstjóri stafrænna leiðtoga. Reykjavíkurborg hóf undirbúning að stafrænni umbreytingu árið 2016 með samþykkt þjónustustefnu. Eiginleg stafræn umbreyting hófst síðan í smáum stíl árið 2018 en nú er verið að hraða því starfi til muna.

Þau verkefni sem ákveðið hefur verið að ráðast í sameiginlega á vettvangi samstarfs sveitarfélaga eru allt verkefni sem Reykjavíkurborg hefur þegar unnið utan spjallmennis en Reykjavíkurborg hefur lýst yfir vilja til að taka þátt í þróun þess með öðrum sveitarfélögum. Eins og talið er til hér að ofan hefur borgin til viðbótar veitt lausn um fjárhagsaðstoð inn í samstarfið sem og lausn um sérstakan frístundastyrk en verðmætin sem Reykjavíkurborg kemur fyrst og fremst með inn í samstarfið liggur í þeirri reynslu og þekkingu sem borgin hefur aflað sér síðustu árin, og í því að ryðja brautina fyrir þá sem nú á eftir koma.

Að öðru leyti er vísað í kynningu á Fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna; kynningu á fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,

Pröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

Ólafur Sólimann Helgason,
deildarstjóri vefdeildar Stafrænnar Reykjavíkur


Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga

Fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna

Fyrir stjórnarfund 18. nóv. 2020

Samband íslenskra sveitarfélaga

Stefna og stjórnskipulag – Stafrænt ráð



Stafrænt tækniteymi – miðlæg þjónusta

- Stefna og hagsmunagæsla
- Innviðauppbýgging
- Samvinna ríkis og sveitarfélaga

Í byrjun ágústmánaðar óskaði Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því að við landshlutasamtök sveitarfélaga að tilnefna fulltrúa landshlutanna og Reykjavíkurborgar inn í stafrænt ráð til að styðja við stefnumótun og forgangsröðun um stafræna framþróun sveitarfélaga og að til verði samstarf sveitarfélaga á landsvísu um þau mál.

Í lok október hóf ráðið störf sín og hefur nú þegar fundað fjórum sinnum. Í ráðinu sitja Elís Pétursson fyrir SSNE, Eydís Ásbjörnsdóttir fyrir hönd SSA, Sævar Freyr Þráinsson fyrir SSV, Álfhildur Leifsdóttir fyrir SSNV, Óskar J. Sandholt fyrir Reykjavíkurborg, Áslaug Hulda Jónsdóttir fyrir SSH, Friðrik Sigurbjörnsson fyrir SASS, Kjartan Már Kjartansson fyrir SSS og Jón Páll Hreinsson fyrir FV. Fjóra María Ágústsdóttir breytingarstjóri stafrænnar þróunar hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga starfar með ráðinu en á fyrsta fundi ráðsins var Sævar Freyr valinn formaður ráðsins.

Stafrænt ráð – hlutverk og verkefni

Hlutverk:

- styrkja samstarf sambandsins við sveitarfélög um stafræna framþróun þeirra og styðja við vinnu sambandsins þar að lútandi.
- skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsröðun samstarfsverkefna sveitarfélaga um stafræna framþróun og hagsmunagæslu sambandsins fyrir þeirra hönd, sérstaklega gagnvart ríki og hugbúnaðarfyrirtækjum.
- stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga að stafrænni framþróun.
- Ráðið er ráðgefandi við stefnumótun og ákvarðanatöku sambandsins um samstarfsverkefni sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess á því sviði

Helstu verkefni:

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar sambandsins um stafræna framþróun sveitarfélaga og undirbúningi samstarfsverkefna sveitarfélaga.
- Leggja mat á forgangsröðun stafrænna þróunarverkefna sveitarfélaganna og gera tillögur um forgangsröðun og stjórnunar- og fjármögnunarfyrirkomulag til stjórnar sambandsins.
- Styðja við vinnu sambandsins er snýr að miðlægu samstarfi sveitarfélaga um stafræna þróun og vinnu þess að eftirfylgni samstarfsverkefna.
- Vekja athygli á stafrænum málum sem ráðið telur að þarfnist úrlausnar.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning stærri viðburða sambandsins í sviði stafrænnar þróunar.
- Styðja við umsagnagerð sambandsins um stefnumótun og laga- og reglugerðarsetningu ríkisins sem tengist stafrænni framþróun.

Faghópur um stafræna umbreytingu til stuðnings stafrænu ráði sveitarfélaga:

- Í faghópnum eiga sæti faglegir fulltrúar landshlutanna og sérfræðingar sveitarfélaga í stafrænum málum. Hópurinn getur kallað til sérfræðinga í málaflokkum sveitarfélaga til að dekkja ólík þekkingarsvið.
- Meginhlutverk hópsins er að vera umræðuvettvangur um stafræna þróun sveitarfélaga og veita stafrænu ráði sveitarfélaga faglegan stuðning
- Með tilliti til þess skulu fundir hópsins taka mið af fundum stafræna ráðsins.
- Hópurinn aðstoðar við greiningu á stöðu stafrænna mála sveitarfélaga og hugmynda um sameiginleg verkefni sveitarfélaga. Hann skal stuðla að því að fyrir hendi sé yfirsýn yfir stafræna þróun sveitarfélaga og stafræn samstarfstækifæri.
- Hópurinn getur sett fram tillögur að málum sem ráðið ætti að fjalla um.
- Hópurinn aðstoðar við þekkingarmiðlun til sveitarfélaga, m.a. á stafaent.samband.is, og til stuðnings samvinnu sveitarfélaga í stafrænum málum.
- Breytingastjóri stafrænnar framþróunar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur umsjón með starfi hópsins.

Stafræn landshlutaráð

Stafrænt ráð sveitarfélaga




Innan hvers landshluta er sett upp Stafrænt landshlutaráð sem leitt er af kjörnum fulltrúa úr Stafrænu ráði með stuðningi frá stafrænum sérfræðingi úr faghópi í stafræni umbreytingu, einum eða fleiri út frá því hvernig mönnun sveitarfélaga innan landshlutans er í stafrænni þróun og tæknimálum.

Dæmi um uppsetningu hjá SSV er að Stafrænt landshlutaráð er samansett af framkvæmdastjórum sveitarfélaga í landshluta og sérfræðingum þeirra í stafrænni umbreytingu.


Stafræn landshlutaráð styrkja miðlun og deilingu þekkingar í samvinnu sveitarfélaga í stafrænni þróun.

Ferli ákvarðana Stafræns ráðs og val forgangsverkefna



Tegundir samvinnuverkefna

9. skref - Tilboð í verkefni frá hugbúnaðarhúsum og/eða ÚTBOÐ



Samvinnuverkefni sveitarfélaga geta flokkast undir fjóra flokka

1. **Innviðir sveitarfélaga.** Þessi verkefni miðast að því að greina stafræn stöðu og tækifæri innviða sveitarfélaga er snýr að tækni, verklagi og mannafla.
2. **Sameiginleg þróun þjónustuferla innan Island.is.** Þessi verkefni snúast um að hanna og þróa sameiginleg þjónustuferli inn á Island.is og nýta og tengjast gagnaskrár ríkisins og hagkvæmt er að setja miðlægt upp fyrir öll sveitarfélög.
3. **Tilrauna („pilot“) verkefni þar sem 2-5 sveitarfélög þróa saman lausn.** Stuðningur sem getur falist í fjárhagsáætlun, verkefnastýringu og verkefnaskipulagi tilraunaverkefna, samvinnusamningi og faglegri þróun sem hægt er að skala yfir á fleiri sveitarfélög.
4. **Kaup á sérþróun og/eða SaaS (Software as as Service) lausnum.** Stafrænt teymi sér um undirbúning og samvinu við hugbúnaðarhús vegna samninga um lausnir þar sem tilboð eru gerð þannig að öll sveitarfélög geti nýtt sér samninginn, og/eða útboð vegna lausna fyrir öll aðildarsveitarfélög.

Frumkvæði og nýsköpunarlausnir sveitarfélaga, þróun og hönnun.

Sveitarfélög halda áfram hvert fyrir sig í stafrænni þróun sinni og nýsköpun til að þjónusta íbúa og starfsmenn sína betur. Þessum lausnum geta sveitarfélög deilt, hvort sem er upplýsingum um þær eða kóða inni á lausnatorgi stafrænt.samband.is til að hraða fyrir stafrænni þróun sveitarfélaga almennt.

A decorative pattern of light blue geometric shapes, resembling stylized diamonds or squares with internal cross-like structures, arranged in a grid-like pattern in the top right corner of the page.

Island.is

Hvað felst í innleiðingu þjónustuferla?


Þjónustuferli inn á Island.is

1.



Notendavið
mót

2.



Gagnatengingar
við grunnskrár
ríkisins

3.



Gagnatenging
við sveitarfélög

4.



Breyting á
vinnulagi
sveitarfélags

Breyting á vinnulagi sveitarfélags


Uppsetningu þjónustuferla og aðlögun nýrrar tækni hjá sveitarfélagi, felur í sér nýtt verklag til að aðlagast nýrri tækni.


Þessi þáttur er oft vanmetinn en í raun felst mesta hagræðið innandyra í þessum lið. Breyta þarf verklagi, vinnubrögðum og skipulagi til samræmis við nýja tækni.


Innleiða þarf nýja nálgun og endurhanna ferlið þannig að ný tækni bæti, einfaldi og skapi hagræði.

Stafrænt teymi sveitarfélaga verður stuðningur við endurhönnun ferla og innleiðingar.

Þjónustuferli inn á Island.is - nánar


 **2. Gagnatengingar**
X-Road tengingar frá gagnaskráum stofnana til Island.is

 **1. Notendaviðmót**
Auðkenning
Tilkynningar í gegnum pósthólf

 **3. Gagnatenging við sveitarfélög**
Samþætting við málakerfi
... eða vinnslukerfi með viðmóti

(Tengingar sem eru margar hverjar komnar nú þegar, aðrar munu nýtast í framtíðarverkefni Stafræns Íslands)

Gagnasamstarf byggir á samningum um gjaldtöku, öryggisúttektum, persónuverndarúttektum og að lokum forritun gagnaskila. Oft burðarbitinn í forritun nýrra ferla!





Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga

Miðlægt tækniteymi sveitarfélaga

Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga

1. Skyldugreiðsla allra sveitarfélaga: Sveitarfélög greiða fast gjald á ári sem tekur mið af

- A. Íbúarfjöldi og
- B. Fastri fjárhæð 200.000 kr. á hvert sveitarfélag
- C. Reykjavíkurborg leggur til vinnu og verkefni frá sínu stafræna teymi en greiðir ekki skv. A og B að öðru leyti

Þetta er gert til að standa straum af kostnaði 4 manna teymis hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sinnir þessu verkefni sem heitir "[Stafrænt teymi hjá sambandi íslenskra sveitarfélaga](#)"

2. Valkvæð greiðsla sveitarfélaga: Sveitarfélög skrá sig fyrir þátttöku í lausn sem er forrituð/keypt og miðast greiðsluþátttaka við nr. 1 en einungis þau sveitarfélög sem skrá sig deila kostnaði

3. Fyrirkomulag ef greiða á fyrir lausn. Þau sveitarfélög sem vilja að kaupa sig inn síðar geta keypt sig inn í lausnina. Greiðsla er út frá því hvað þau hefðu átt að greiða í upphafi, auk þess greiða þau premíu t.d. x 1,5

Miðlægt tækniteymi sveitarfélaga v. stafrænnar þróunar

Verkefnalýsing og kostnaður

Starfsmaður 1 – 100% Stefnumörkun, uppbygging, miðlun, verklag og vinnubrögð

- Teymis - og verkefnastjórnun
- Yfirsýn, utanumhald og samskipti
- Ferlagreiningar og endurhönnun þjónustu og innleiðingaáætlanir
- Fræðsla og viðhald tengslanets

Starfsmaður borgaður af Jöfnunarsjóði til 1. okt. 2021 að hluta til

Starfsmaður 2 – 100% Tæknistrúktúr og tæknistefna

- Gagnaupbygging og tengingar gagna og strúktúr - verkefni með Stafrænu Íslandi
- Samningayfirferð og ráðgjöf
- Þarfagreiningar
- Verkfærakista og stuðningur
- Verkefnastýring
- Fræðsla og miðlun

Starfsmaður 16 m.kr. laun og launatengd gjöld

Starfsmaður 3 – 100% Vefur, verklag og miðlun

- Þróun stafrænt.sambandi.is
- Verkfærakista, verklag, stuðningur samstarfs og uppbygging verkefna
- Uppbygging „open source“ nálgunar
- Verkefnastýring
- Fræðsla og miðlun

Starfsmaður 16 m.kr. laun og launatengd gjöld

Verktaki

- Skv. þörfum
- Verkefnastýring samvinnuverkefna
- Útboðsgerð
- ...

13 m.kr.

Tillaga stafræns ráðs sveitarfélaga til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

- Óskað er eftir samþykki fyrir stofnun miðlægs tækniteymis Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kostað er af sveitarfélögum
- Óskað er eftir samþykki tillögu um kostnaðarþátttöku sveitarfélaga fyrir árið 2021
- Óskað er eftir samþykki ferlis ákvarðanatöku Stafræns ráðs við val forgangsverkefna

A decorative pattern of light blue geometric shapes, resembling stylized four-pointed stars or crosses with internal grid patterns, arranged in a scattered, overlapping manner in the top right corner of the page.

Viðbótarefni

Kostnaður í miðlægt stafrænt tækniteymi til að geta farið í ábataverkefni - 2021

Stafrænt tækniteymi til að geta farið í ábataverkefni:

Mannaflí í :

- Stefnu, strúktúr og þarfagreiningar
- Uppgötvunarspretti
- Samstarf, utanumhald og verkefnastýringu
- Verkefnakaup; tilboð og útboð
- Samræming, ferlahönnun og stuðning við innleiðingu

Kostnaður: 45 milljónir árið 2021

Auk þess samningur vegna starfsmanns sem kostnaður er af Jöfnunarsjóði og rennur úr 1. okt. 2021


Ábataverkefni:

- Þjónustuferli inn á Island.is – (1-2 árið 2021)
- Microsoft rammasamningur – þarf verkefnastjóra
- Ábendingakerfi – (Rvík hefur gefið kóða) Pilot 4 sveitarfélaga
- Áhættugreining stafrænna lausna – verkefnalýsing tilbúin
- Netsamtalalausn – SaaS – verkefnalýsing tilbúin (tilboð eða útboð)
- Stafræn miða og kortalausn – SaaS (Pilot þróunarverkefni)
- Rafrænir ráðningarsamningar
- Rafrænar undirskriftir
- Innkaupakerfi
- fl. og fl.

Kostnaður:

Ríki: 100 m.kr fyrir 1-2 þjónustuferli inn á Island.is – klárast í apríl 2021
Sveitarfélög: 100 - 200 m.kr. verkefni árlega

Möguleg tímalína verkefna sem þarf að móta og raða eftir kosningu sveitarfélaga um sameiginleg verkefni



Samvinna við Stafrænt Ísland (15 ferli sem tengjast grunnskram ríkisins mikið)

Dæmi um verkefni og ferla

	• Ríkið – 100 milljónir (1-2 verkefni)	• Samvinnufjármagn frá sveitarfélögum	• Hvert sveitarfélag fjármagnar sín verkefni
Áherslur	<ul style="list-style-type: none">• Samvinna við Stafrænt Ísland við hönnun stafrænna þjónustuferla• Bætt þjónusta við íbúa	<ul style="list-style-type: none">• Stafrænar lausnir og verkefni sem skila miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir sveitarfélög snemma	<ul style="list-style-type: none">• Frumkvæðisverkefni og nýsköpun sveitarfélaga sem bæta þjónustu og auka fjárhagslegan ávinning
Álitlegar tillögur	<ul style="list-style-type: none">• Umsókn um fjárhagsaðstoð• Umsókn um félagslega leiguíbúð• Ósk um viðtal við starfsmann sveitarfélags• Umsókn um grunnskóla	<ul style="list-style-type: none">• Greining samninga sveitarfélaga við hugbúnaðarbirgja og gerð betri samninga• Uppbygging miðlægrar gáttar fyrir upplýsingar og deilingu efnis og kóða• Einföldun ferlis byggingaráforma• Ábendingagátt - Pilot• Kaup og aðstoð við innleiðingu á sérhönnuðum þjónustulausnum SaaS• Sameiginleg útboð kerfa og lausna (Microsoft)• Áhættugreining stafrænna lausna	<p>Dæmi frá Hafnarfirði:</p> <ul style="list-style-type: none">• Reiknivél leikskólanna• Reiknivél frístundaheimilanna• Reiknivél fyrir dagforeldra, leikskóla og frístundaheimili• Sorphirðudagatal• Álag á sundlaugar



Forgangsverkefni Umsókn um fjárhagsaðstoð með stafrænu Íslandi

Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd
sveitarfélaga

Staðan í dag, tölur frá 2019 og mögulegur ávinningur

Sveitarfélagi er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar.

- **Hvað eru margar umsóknir á ári?**
 - 5.660
- **Hvað eru margir nýir viðtakendur?**
 - 2.722

Útgjöld fjárhagsaðstoðar í þúsundum króna á ári.

- 4.154.434
- **Meðalfjöldi mánaða sem umsækjandi fær greitt:**
4,6 mánuðir

Hvað eru margir starfsmenn sem starfa við að afgreiða umsóknir? 2-3

Í hverju sveitarfélagi má áætla að a.m.k. tveir starfsmenn er komi að hverri umsókn; móttaka, yfirferð, viðtal og að lokum útborgun.

Hvað fara margar klukkustundir af launaðri vinnu í hverja umsókn og hver er mögulegur ávinningur varlega talinn?


Áætla má 4-5 klst. á hverja umsókn að meðaltali. Sá tími gæti styst töluvert ef rafrænar umsóknir tryggja rétt gögn og auðveldari eftirfylgni. Miðað við 5.660 umsóknir á ári er þetta 22.640 – 28.300 klst. á ári er fara í að vinna þessar umsóknir, en hægt væri að minnka það niður í 14.150 klst. varlega metið.

Mikill fjárhagslegur ávinningur hefur skapast hjá Reykjavíkurborg.


Staðan í dag

Hvernig sótt er um fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum

Hvernig sækja íbúar um fjárhagsaðstoð?



Hvernig er úrvinnsla umsókna og útgreiðsla fjárhagsaðstoðar?



Hvernig fer ferlið fram í dag– fjárhagsaðstoð?

